

Ágætu gestir

Ég bind miklar vonir við það samstarf um heilsueflingu og fornvarnir í framhaldsskólum sem er handsalað með samningi hér í dag. Það er mikilvægt að ráðuneyti, stofnanir og samtök sameini krafta sína til að bregðast við vanda og vinna að jákvæðum verkefnum.

Þarfir einstaklinga og samfélags eiga að vera í forgrunni og skipulag stjórnvalda og stofnana að taka mið af þeim en ekki öfugt. Sérstaklega er það ánægjulegt að sjá þann áhuga og stuðning sem samtök nemenda sýna þessu verkefni því að þeirra aðild mun tryggja að tekið verði mið af þörfum nemenda og skoðunum og að talað sé máli sem nemendur skilja. Það er forsenda þess að verkefni sem þetta skili árangri.

Hér á ekki að byggja loftkastala heldur vinna að raunhæfum verkefnum sem skila sér í auknu heilbrigði og bættri líðan nemenda í framhaldsskólum.

Fréttir berast um að fíkniefnasalar beini kröftum sínum í ríkari mæli en áður að sölu vímuefna til nemenda í framhaldsskólum. Þar er nú vígvöllurinn gegn fíkniefnavánni. Ég legg áherslu á að menntamálaráðuneyti geri allt sem í þess valdi til þess að í framhaldsskólum séu uppi varnir gegn þessari vá. Slíkt verkefni þarf bæði að horfa til lengri tíma með því að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og bættri líðan nemenda en einnig til raunhæfra aðgerða sem strax eiga að hafa áhrif.

Mikilvægt er einnig að virkja strax skólastjórnendur, nemendur, kennara, foreldra og aðra þá sem að framhaldsskólum koma til

að stilla saman strengi sína í þessu efni. Ég lýsi yfir sérstakri ánægju með þann breiða faghóp ólíkra aðila sem koma mun að þessu verkefni þar sem í sitja fulltrúar lögreglu, SÁÁ, landlæknis, umboðsmanns barna, stjórnenda, kennara og nemenda í framhaldsskólum ásamt fagstéttum s.s. hjúkrunarfræðingum, náms- og starfsráðgjöfum og félagsráðgjöfum.

Það verður því breiður hópur sem kemur að þessu verkefni.

Í stjórnarsáttmála sínum leggur ríkisstjórnin mikla áherslu á forvarnir á öllum sviðum og að stuðlað sé að heilbrigðari lífsháttum. Menntamálaráðuneytið hefur markvisst unnið að þessu stefnumiði og birtast áherslur þess m.a. í nýjum frumvörpum um leik-, grunn- og framhaldsskóla sem lögð verða fram á Alþingi á næstum dögum. Í þessum frumvörpum er á heildstæðan hátt eflað sú sérfræðipjónusta sem nemendur eiga að njóta í skólakerfinu og áhersla lögð á forvarnir í öllu skólakerfinu.

Í framhaldinu er ekki síst gert ráð fyrir virku forvarnarstarfi og mun þetta verkefni marka mikilvægt skref í að hrinda því í framkvæmd. Mun menntamálaráðuneytið leggja til starfsmann til að vinna sérstaklega að þessu verkefni í næstu þrjú árin til að byrja með. Þá mun ráðuneytið á þessu ári og því næsta verja fimm milljónum sérstaklega til þessa verkefnis

Það er einlæg von okkar sem að þessu standa að hægt verði að snúa vörn í sókn í þeirri baráttu sem nú er háð. Því baráttu er þetta, upp á líf og dauða.